

Gallon ehf.
Borgartún 26
105 Reykjavík

Akureyri, 2.12.2024
UST202401-329/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þrýstiprófun á einni eldsneytislögn Gallon ehf., ID132, í birgðastöðinni á Eskifirði.

Umhverfisstofnun bárust þann 26. júní sl., niðurstöður þrýstiprófunar á einni eldsneytislögn í olíubirgðastöð rekstraraðila á Eskifirði. Lögn nr. P10120 er afgreiðslulögn fyrir gasolíu á skipabryggju á Eskifirði.

Prófunin fór fram þann 19. janúar 2024. Þrýstingi var lyft upp í prófunarþrýsting, 10 bör og prófað í 4 klst. Hitastig var um -10-14°C og prófað var með díselolíu. Mælt var með tveimur mælum og þrýstingur skráður niður með 30 mín millibili.

Meðfylgjandi er samantektarblað um prófunina.

Lögnin stóðst prófunina og Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á lögninni.

Þrýstiprófa skal niðurgrafnar olíulagnir og löndunarlagnir á að a.m.k. 5 ára fresti skv. reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri